

## Fundur í skólaráði 16. janúar 2019

**Mættir:** Rannveig Andrésdóttir skólastjóri, Ellen Gísladóttir aðstoðarskólastjóri, Hólmfríður Bjargey Hannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Sigrún Árnadóttir fulltrúi starfsmanna, Hanna Sóley Helgadóttir forstöðumaður frístundar, Edda Júlía Helgadóttir umsjónarkennari. Fulltrúar foreldra, Árný Þórarinsdóttir, Helga Guðrún Snjólfsdóttir, Guðmundur Páll Friðbertsson og Lára Sigríður Lýðsdóttir. Fulltrúar nemenda Ásrún Inga Arnarsdóttir og Skúli Sturla Helgason.

### **Dagskrá**

#### **Ný heimasíða:**

Rannveig hóf fundinn á að kynna nýja heimasíðu skólans og sýndi kynningarmynd um skólann sem er á heimasíðu.

#### **Ytra mat:**

Rannveig kynnti niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra frá vori 2018. Niðurstöðurnar má finna á heimasíðu skólans undir mat á skólastarfi.

Kynntar voru niðurstöður Skólapúlsins frá liðnu hausti. Nemendur í 6. og 7.b svara könnuninni tvisvar á skólaárinu.

#### **Innra mat:**

Rannveig og Hólmfríður kynntu starfsáætlun leikskóladeildar og sérstaka umbótaþætti sem metnir verða í lok skólaársins.

#### **Sumarleyfi:**

Tillaga að sumarleyfi í leikskólanum og frístund var lögð fyrir skólaráð. Sumarleyfi hefjist 10. júlí og ljúki 7. ágúst. Tillagan var samþykkt.

#### **Hönnun nýrrar skólalóðar:**

Skólalóð grunnskólans er á áætlun hjá Reykjavíkurborg um endurnýjun sumarið 2019. Búið er að halda fundi með nemendum og starfsmönnum þar sem hlutaðeigandi komu með tillögur fyrir nýja skólalóð.

Ritari  
Ellen Gísladóttir